

Kirkjuþing 2024-2025

14. mál og 19. mál – Þskj. 19b

### Nefndarálit og breytingatillaga

við tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjaranefnd  
Þjóðkirkjunnar nr. 12/2021-2022, með síðari breytingum.

Frá löggjafarnefnd

Frsm. Óskar Magnússon.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um mál nr. 14 og 19 og leggur til að málin  
verði sameinuð og samþykkt með eftirfarandi

#### *breytingartillögu:*

1. gr.

3. gr. starfsreglna um kjaranefnd kirkjunnar nr. 12/2021-2022 breytist á  
þann veg að orðið „ótakmarkað“ fellur brott.

2. gr.

Orðið „þó“ í 1. gr. tillögunnar fellur brott.

3. gr.

Við 1. gr. tillögunnar bætist eftirfarandi málslíður: „Stjórn leggur  
kjarasamning fyrir kirkjuþing til samþykktar eða synjunar.“

Eftir breytinguna hljóðar 3. gr. starfsreglnanna svo: „Kjaranefnd  
kirkjunnar hefur umboð til samningagerðar við þá sem tilgreindir eru í 2. tölul.  
2. gr. Samningar kjaranefndarinnar skulu undirritaðir með fyrirvara um  
samþykki kirkjuþings. Stjórn leggur kjarasamning fyrir kirkjuþing til  
samþykktar eða synjunar.“

Bryndís Malla Elíadóttir, Elínborg Sturludóttir og Jóhanna Gísladóttir  
sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 28. október 2024.

*Löggjafarnefnd.*

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Jóhanna Gísladóttir.

Konráð Gylfason, varaform.

Kristrún Heimisdóttir.

Magnús Erlingsson.

Óskar Magnússon.

Stefán Magnússon.